

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík 21. maí 2003
2003050001/016-0
HT/hj

Vegna hrafntinnunáms

Undanfarið ár hefur verið í umræðu milli Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) nauðsyn þess að kanna möguleika til náms á hrafntinnu, einkum til viðgerðar a steiningu á gömlum húsum en einnig til nýbygginga. Brýnasta verkefnið eru endurbætur Þjóðleikhússins, sem er með hrafntinnusalla úr Hrafntinnuhrygg í Þingeyjarsýslu.

Á fundi í Umhverfisráðuneytinu 19. maí 2003 var farið yfir þessi mál (steiningu með hrafntinnu, kvartsi, kalki o.fl.) með fulltrúum ráðuneytisins, Menntamálaráðuneytis, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Húsafriðunarnefndar og Línuhönnunar (sem hefur kannað stöðu mála fyrir Húsafriðunarnefnd). Niðurstaða þess fundar var sú að NÍ myndi gera athuganir nk. sumar á aðstæðum til hrafntinnunáms í Hrafntinnuhrygg, Hrafntinnuskeri og við Austurbjalla, en léti aðra staði bíða til 2004. Eins og mál standa nú er verið að leyta fjármagns til að ljúka þessum athugunum og eru því ekki forsendur núna til að veita námaleyfi í Austurbjöllum.

Svæðið við Austurbjalla er við Tungná og er rétt utan við mörk friðlandsins "*Friðland að fjallabaki*" en á náttúruminjaskrá 707 Veiðivötn (þ.e. ekki friðað svæði). Rök fyrir námarekstri þarna eru þau að Tungná rýfur bakka sína við Austurbjalla og í þeim er hrafntinna sem talið er að gæti nýst til steiningar húsa. Háspennulína liggur um svæðið sem rýrir gildi þess til náttúruverndar. Athuga þarf efni, magn og aðstæður til að nálgast efnið. Hrafntinna þarna er sögð dílótt og hentar sennilega ekki á Þjóðleikhúsið en gæti nýst annars staðar s.s. til viðgerða á Flensborgarskóla og til nýbygginga. Ekki er um mikið magn að ræða, samtals 200-300 tonn næstu 10-15 árin.

Niðurstaða:

Umsókn um námaleyfi ber að hafna tímabundið meðan verið er að kanna aðstæður og forsendur hrafntinnunáms í Austurbjöllum. Ef aðstæður eru þannig að unnt er að taka

efni við Austurbjalla án teljandi spjalla er ekki fráleitt að leyfa takmarkað efnisnám á staðnum, en sú ákvörðun þarf að byggjast á niðurstöðum rannsókna.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS